

Fundur í stjórn nemendafélags Hofsstaðaskóla haldinn í salnum 13. október 2011 kl. 8:30-9:30

Til fundarins voru boðaðir allir aðalmenn og allir varamenn í 1.-7. bekk, alls 80 nemendur. Nemendur í öllum árgöngum eiga fulltrúa í stjórninni, stelpu og strákr.

1. Fundarmenn kynntu sig með nafni og bekk.
2. Nemendum var skipt í þrjá hópa. Hver hópur myndaði hring og leiddist. Leikurinn fólst í að koma húllahopphring allan hringinn án þess að sleppa höndum.
3. Krístrún sagði frá að fjölgreindarleikar væru á næsta leiti og óskaði eftir hugmyndum að stöðvum frá stjórninni. Nemendur komu með margar góðar tillögur:

Halda bolta á lofti sem lengst, hanga í rimlum, tennis, pokahlaup, stígvélakast, halda jafnvægi á bolta, spjótkast, húllakeppni, dripl, körfubolti, semja dans, semja ljóð, rappa, hástökk, pílukast, baunaspýting, pýramídi úr krökkum, póko, boðhlaup, binda fyrir augun og teikna og giska, fótubolti, púttkeppni, bakstur, vítaspyrnukeppni, kappakstur, beybladekeppni, kappát, plankastaða, heimskort og þekkja lönd, handbolti, skotbolti, hitta keilur með bolta, blak, badminton, minigolf, langstökk, hoppa sem lengst og oftast, kasta bolta á milli, skjóta bolta í gegnum húllahring, klifra eins hátt og maður getur, hver er maðurinn, skalla bolta á milli, hoppa í gegnum húllahring, spurningaleikur, trampolin, senda SMS, þrjóna, sauma, teikna, Hawaii dans, leiklist, karate, stoppdans, grænmetisát, koddastrið, reiptog, rúbbí, bootcamp.

4. Rætt var um hagsmunamál nemenda. Ingólfur nemandi í 7. bekk útskýrði fyrir nemendum hvað orðið þýddi en hann sagði að það væru mál sem létu krökkunum líða vel í skólanum.

Það sem nemendur telja að þurfi að breyta eða bæta:

- a. Laga grindverkið á battavellinum (komið í framkvæmd)
- b. Bæta við pókovelli
- c. Vantar ruslafötur á klósettið hjá 2. og 4. bekk. Vantar oft sápu líka í Hofin
- d. Matarborðin of lítil fyrir 25 nemendur. Leiðinlegt að þurfa að sitja við borð með öðrum bekk. Lausnin er að kaupa kolla
- e. Nýtt snúningsleiktæki í staðinn fyrir það sem var fjarlæggt
- f. 30 mínútur í frímínútur fyrir eldri
- g. Handboltavöllur
- h. Loka fyrir götin á Höllinni
- i. Fleiri tíma í list- og verkgreinar
- j. Rúnnuð horn á skólaborðin
- k. Fleiri bolta og húllahringi
- l. Bekki á skólalóðina
- m. Mála körfuboltaspjöldin
- n. Lækka körfurnar
- o. Fleiri myndavélar til að passa hjólin
- p. Skíðaferð í 7. bekk
- q. Skipta skotboltavellinum
- r. Fleiri hjólagrindur

- s. Senda bæjarstjóra bréf vegna körfuboltavallarins
- t. Lengja viðveru hjúkrunarfræðingsins
- u. Fleiri rólur
- v. Sitja á dýnum í samsöng
- w. Dekkjarólur
- x. Minni læti á göngunum (ef einhver hleypur gefum við merki með hendinni sem þýðir stopp eða bremsa)
- y. Spennandi ferðalög fyrir alla
- z. Mála línur á körfuboltavöllinn
- aa. Fleiri bekkjarkvöld

Fundarstjóri: Krístrún Sigurðardóttir, fundarritari: Margrét Harðardóttir